

# Aðgerðaáætlun gegn einelti



## Eineltisteymi – ábyrgðaaðilar

Leikskólastjóri  
Aaðstoðarleikskólastjóri  
Fulltrúi deildastjóra  
Fulltrúi kennara  
Fulltrúi starfsmanna

## Hvað er einelti

**Einelti er ofbeldi sem aldrei er réttlætanlegt.** Talað er um einelti þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu og langvarandi áreiti og á erfitt með að verjast því. Mikilvægt er að hafa í huga að allir geta orðið fyrir einelti. Birtingarmyndir eineltis geta verið af margvíslegum toga og bæði verið duldar og sýnilegar. Einelti getur falist í félagslegri útskúfun, hundsun eða einangrun þannig að einstaklingur barn eða starfsmaður sem verður fyrir henni er ekki fullgildur þátttakandi eða fær ekki að vera með í félagsskap eða í leik, er sjaldan eða aldrei valið í lið og fær jafnvel ekki boð í afmæli.

Birtingamynd eineltis getur verið beinskeytt og sýnilegt með baktali og sögusögnum, særandi orðbragði og niðurlægingu, frelsissviptingu, veðmætastuldi, eignatjóni og líkamsmeiðingum. Einnig eru til dæmi þess að þolendur eineltis séu neyddir til þess að geta eitthvað gegn vilja sínum eða í hlutverki hlaupatíkur.

**Einelti veldur þjáningum sem geta fylgt þolandanum ævilangt.**

## **Almennar forvarnir**

- ✓ Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær
- ✓ Góður starfsandi
- ✓ Jákvætt og hvetjandi umhverfi
- ✓ Kynningar – til foreldra og starfsmannahópa
- ✓ Vinavika – jóga
- ✓ Alþjóðavika
- ✓ Líðan könnun barna
- ✓ Foreldraviðtöl
- ✓ Starfsmannasamtöl

## **Sértækar forvarnir**

- ✓ Vakta barnahópinn (börn í áhættuhóp)
  - Hrekkir, stríðni, hundsun
  - Vakta orðræðu
  - Tenglaraskanir
  - Frávik

- ✓ Dagur eineltis 8. nóvember
- ✓ Starfsmannahandbók - Starfsmannakver
  - Samtal við nýja starfsmenn
- ✓ Umræður í starfsmannahóp
- ✓ Umræður í barnahóp
- ✓ Þemavinna
  - Hjálpsemi
  - Ábyrgð
  - Góðmenska

### ***Viðbragðsáætlun***

Eineltis mál eru alltaf skoðuð sem einstök því engin tvö eineltismál eru eins.

Eftirfarandi vinnuferli skal alltaf vera til hliðsjónar:

### ***Hlutverk og boðleiðir***

Eineltisteymi er kallað til berist upplýsingar um einelti, skólastjóri ber ábyrgð á að hefja rannsóknarvinnu og kalla teymið til.

Teymið fer yfir eðli máls og gerir viðeigandi ráðstafanir.

Utanaðkomandi sérfræðiaðstoð er kölluð til starfa telji eineltisteymi, hlutaðeigandi eða foreldrar þörf á því.

### ***Verklag eineltisteymis***

Allar tilkynningar um einelti eru teknar alvarlega.

Öllum er heimilt að tilkynna einelti, bæði innan leikskólans og utan.

Eyðublað – tilkynning um einelti er í deildarmöppum (svörtu aðgerðarmöppunni á hverri deild) og hjá skólastjórnendum.

Taka ljósrit af tilkynningu og afhenda þeim sem tilkynnir, allir starfsmenn hafa heimild til að taka við tilkynningum.

Leikskólastjóra skal skilað tilkynningu, hann sér um að kalla saman eineltisteymi. Teymið tekur til starfa um leið og tilkynning berst. Jafnframt hefst skráningarferli málsmeðferðar.

Eineltisteymi kemur saman, aflar frekari gagna og gerir framkvæmdaráætlun. Í öllum málum sem koma upp er tekið tillit til aðstæðna hverju sinni – deild þess er verður fyrir einelti hvort sem það er barn eða starfsmaður er tekin með í framkvæmdar eða viðbragðsvinnu.

Komi upp áhyggjur eða ábendingar samstarfsmanna, foreldra eða annarra um óæskilega framkomu við starfsmenn, börn eða foreldra ber stjórnendum skylda til að taka ábendingum og hefja rannsóknarvinnu. Snemmtækt inngrip getur komið í veg fyrir skökk samskipti.

Niðurstöður gagnaöflunar og samtala eru tilkynntar málsaðilum.

## **Lausnarþrep og eftirfylgd**

Lausnarþrepi lýkur með áætlun um eftirfylgd, þegar málsaðilar eru sammála um viðunandi lausn sé náð.

Eineltisteymið heldur áfram í samráði við málsaðila í allt starfsárið eða eins lengi og þurfa þykir. Bæði gagnvart gerendum og þolendum. Í leikskólanum er stöðugt eftirlit og stöðumat innan deildar.

- ✓ Tilkynning um einelti
  - Eyðublað (tölvupóstur er tekin gildur)
  - Samtal við stjórnendur
- ✓ Könnunarþrep
  - Rannsóknarvinna
  - Áætlun
  - Viðtal við málsaðila – gerenda og þolanda
  - Deildarfundur/ starfsmannafundir
- ✓ Lausnarþrep og eftirfylgd
  - Áætlun
  - Viðtal við málsaðila – gerenda og þolanda
  - Deildarfundir / starfsmannafundir
- ✓ Málalok
  - Skráð með dagsetningu og undirskrift málsaðila eða samantekt deildastjóra
  - Könnun á líðan barna og samantekt deildastjóra – þar sem börn geta ekki kvittað fyrir niðurstöðum
  - Foreldrum gefin kostur á að kvitta fyrir málalokum

**Annað:**

Í þeim málum sem hafa komið upp á milli barna hefur samvinna við foreldra þolenda sem og gerenda verið grundvallar atriði.

Foreldrar hafa nýtt tölvupóstsamskipti til að tilkynna um einelti. Það er fullgildur tilkynningarmáti. Sama gildir um lok mála.

Í leikskólanum hitta starfsmenn foreldra tvisvar á dag þannig að nálægð og aðgeingi í samskiptum flýtir fyrir úrlausnum mála.

Foreldri hefur látið nægja að tilkynna leikskólanum í stuttu spjalli í lok dags um breytingar sem hafa orðið í kjölfar tilkynningar um einelti og viðbragðs vinnu leikskólans – ekki endilega skrifað undir málalok.

Komi upp eineltismál í starfsmannhóp er ávalt leitað ráðgjafar til skólasviðs og eða starfsmannastjóra Akraneskaupstaðar.

*Eineltis áætlun þessi var unnin upp úr eldri áætlun leikskólans, eineltisáætlun Akraneskaupstaðar og reynslu af skökkum samskiptum.*

*Áætlunin var einfölduð í alla staði til skylvirkari notkunnar.*

Október 2022.